



Proskapjálfafélag Íslands

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík
Skilað í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 4. október 2021

Efni: Umsögn Proskapjálfafélags Íslands vegna máls nr. 173/2021: Verðmætamat kvennastarfa, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa.

Proskapjálfafélag Íslands (ÞÍ) fagnar skýrslu starfshóps forsætisráðherra um verðmætamat kvennastarfa. Hún gefur gott sögulegt yfirlit sem og samfélagslegar ástæður á launamun kynjanna og jafnrétti á vinnumarkaði. Þar er farið yfir mat á virði starfa og samantekt á virðismatik, virðismatskerfi, jafnlaunavottun og starfsmati sveitarfélaganna, hvernig samspil kvennastarfa er við virðismatskerfi er, og launagagnsæi.

Proskapjálfar eru ein af 35 heilbrigðisstéttum sem njóta lögverndaðs starfssviðs á Íslandi. Þí hefur rétt ríflega 800 félagi á skrá, þar af eru karlar 7,5% og konur 92,5% við árslok 2020. Nú er nám þroskajálfa 4 ára háskólanám, sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í þroskajálfun, auk þess þarf að bæta við 60 ECTS eininga viðbótarnámi á meistarastigi til starfsréttinda frá Háskóla Íslands. Því til viðbótar þarf að sækja starfsleyfi hjá Embætti landlæknis.

Nú þegar hefur ÞÍ samið um starfsmatskerfið STARFSMAT við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Lengi hefur verið bent á að starfsmatskerfið virkar ekki eitt og sér þar sem það tekur eingöngu til grunnlauna og engin fyrirframgefin viðmið eru á aðra launaliði sem mögulega geta orsakað launamun milli kynjanna eins og fastar yfirvinnugreiðslur, álagsgreiðslur eða aðrar viðbótargreiðslur. Skýrsluhöfundar benda jafnframt á þennan ágalla starfsmatskerfisins.

Við jafnlaunavottun er ábyrgðin hjá vinnuveitanda að greiða sínu starfsfólki eftir því sem það leggur fram á sínum vinnustað. En annmarkarnir hafa m.a. verið að stofnanir horfa á jafnlaunavottun út frá einstökum störfum innan stofnunar en ekki milli starfa sem og þá ekki á milli stofnanna.

Skýrsluhöfundar benda á að þessi tæki eru ekki fullnægjandi til að leiðrétta launamun sem stafar af kynbundinni skiptingu vinnumarkaðar. Til að hægt sé að leiðrétta þann mun þarf að meta heldstætt virði ólíkra starfa. Þí tekur því undir tillögur starfshópsins á aðgerðum sem miða að því að útrýnna launamun sem orsakast af kynskiptum vinnumarkaði og leiðrétta þannig kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru að stórum hluta.

Proskapjálfafélag Íslands hvetur Alþingi að tryggja að tillögur starfshópsins komist í framkvæmd með því að setja þetta mál í forgang. Félagið er tilbúið til samráðs og þátttöku í vinnu aðgerðahóps stjórnvalda og þá sérstaklega í ljósi þess sérstaða félagsins er mikill meirihluti kvenna. Auk þess ákilur félagið sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum máls sem og að fygja athugasemdum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Proskapjálfafélags Íslands
Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri